



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Viðauki II

Við tíðniheimild 365 miðla.

Tíðniheimild A á 800 MHz tíðnisviðinu, (791-801/832-842 MHz)

– *Breyting á útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum*

Með vísan til ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 37/2015, varðandi beiðni 365 miðla ehf. um breytingu á 2. gr. tíðniheimildar A á 800 MHz tíðnisviðinu (791-801/832-842 MHz) eru gerðar eftirfarandi breytingar á tíðniheimildinni. Gildistaka breytinganna er háð því að 365 miðlar ehf. staðfesti með undirritaðri yfirlýsingu að félagið gangi að breyttum skilmálum tíðniheimildarinnar. Slík yfirlýsing skal berast Póst- og fjarskiptastofnun fyrir lok dags 1. mars 2016 og verður fylgiskjal við viðauka þennan. Berist ekki slík staðfesting munu ákvæði viðauka þessa ekki taka gildi og ákvæði tíðniheimildarinnar standa óbreytt.

Um er að ræða breytingar á ákvæðum 1. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr. og 4. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. eftirfarandi:

1. gr.

Krafa um útbreiðslu og uppbyggingu

1. mgr. gr. 2. gr. tíðniheimildarinnar orðist svo:

Tíðnirétthafi skuldbindur sig til að tryggja að 99,5% lögheimila og vinnustaða, með heilsárs starfsemi, hvers landssvæðis, sbr. viðauki I, standi til boða háhraða farnetsþjónusta með 30 Mb/s gagnaflutningshraða fyrir 31. desember 2022, sbr. eftirfarandi tafla og með eftirfarandi skilyrðum:

Útbreiðslu- og uppbyggingakröfur						
	31.des.16		31.des.20		31.des.22	
Landssvæði	%	Mb/s	%	Mb/s	%	Mb/s
Höfuðborgarsvæðið	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30
Austurland	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30
Norðvesturland	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30
Suðurland	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30
Vesturland	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30
Vestfirðir	97%	10	97 - %*	30	99,5%	30

* Efri mörk útbreiðslu og uppbyggingu geta m.a. verið háð uppbyggingu staðbundinna ljósleiðaraneta.

- Háhraða farnetsþjónusta tíðnirétthafa með 10 Mb/s gagnaflutningshraða skal bjóðast a.m.k. 70% lögheimila og vinnustaða á landsvísu þann 1. október og 97% lögheimila og vinnustaða hvers landssvæðis, sbr. viðauka I, fyrir 31. desember 2016.
- Tíðnirétthafi skal, fyrir 1. október 2016, bjóða háhraða farnetsþjónustu með 10 Mb/s gagnaflutningshraða, og 30 Mb/s eftir 31. desember 2020, í helmingi þeirra sveitarfélaga í dreifbýli, sem við árslok 2015 eru með staðbundið ljósleiðaranet og öllum sveitarfélögunum fyrir 31. desember 2016. Um er að eftirfarandi sveitarfélög:
 - Ásahreppur
 - Helgafellssveit
 - Hvalfjarðarsveit
 - Mýrdalshreppur
 - Skagabyggð
 - Skeiða- og Gnúpverjahreppur
 - Skútustaðahreppur
 - Sveitarfélagið Ölfus

- c. Tíðnirétthafi skal bjóða háhraða farnetsþjónustu með 10 Mb/s gagnaflutningshraða, og 30 Mb/s eftir 31. desember 2020, í þeim sveitarfélögum þar sem byggt verður upp staðbundið ljósleiðaranet, eigi síðar en sex mánuðum frá því að slík net eru tekin til notkunar í viðkomandi sveitarfélagi, á árunum 2016-2020.
- d. Skilyrði c liðar geta eftir atvikum átt við frá árslokum 2020 til ársloka 2022 en tíðnirétthafi skal þó tryggja að 99,5% lögheimila og vinnustaða hvers landssvæðis, sbr. viðauki I, standi til boða háhraða farnetsþjónusta með 30 Mb/s gagnaflutningshraða þann 31. desember 2022.

2. gr.

Áætlanir um uppbyggingu

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. tíðniheimildarinnar koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Tíðnirétthafi skal, fyrir 30. maí 2016, skila til PFS nákvæmri áætlun um hvernig hann hyggst ná hverjum ætti uppbyggingar skv. a og b lið 1. gr.

Tíðnirétthafi skal tilkynna til PFS, innan fjögurra vikna frá því að staðbundið ljósleiðaranet er tekið til notkunar í sveitarfélagi, með hvaða hætti uppbyggingu þráðlauss háhraðafarnets verði háttað innan sveitarfélagsins, skv. c lið 2. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. c liður 1. gr. viðauka þessa. Með slíkri tilkynningu skal fylgja heildarútbreiðsla háhraða farnetsþjónustu tíðnirétthafa.

Tíðnirétthafi skal tilkynna PFS, ef við á, um aðra útbreiðslu og uppbyggingu tíðnirétthafa á háhraða farnetsþjónustu þegar hún stendur öðrum lögheimilum og vinnustöðum á hverju landssvæði til boða. Með slíkri tilkynningu skal jafnframt fylgja heildarútbreiðsla háhraða farnetsþjónustu tíðnirétthafa.

Fyrir 30. maí 2020 skal tíðnirétthafi skila til PFS áætlun um hvernig skilyrðum um aukningu gagnaflutningshraða í 30 Mb/s á útbreiðslusvæði sínu fyrir 31. desember 2020, verði náð.

Tíðnirétthafi skal, fyrir 30. maí 2021 skila til PFS tímasettri áætlun til PFS um að útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum til 99,5% lögheimila og vinnustaða, með heilsárs starfsemi, hvers landssvæðis, verði náð fyrir 31. desember 2022. Skal í þeirri tímaáætlun tilgreindir sendistaðir, fjöldi lögheimila sem hver sendir nær til og hvaða áhrif sú aukning hefur á það heildarhlutfall lögheimila og vinnustaða, eftir landssvæðum, sem stendur til boða háhraða farnetsþjónusta í samræmi við tíðniheimild þessa. Skal áætlunin vera sundurliðuð með nákvæmri tímaáætlun og fyrirhugað útbreiðslusvæði tíðnirétthafa sýnt á myndrænan hátt. Sé útbreiðsla og uppbygging enn háð uppbyggingu staðbundins ljósleiðaranets innan þessara tímamarka skal það tilgreint sérstaklega. Þá skal tíðnirétthafi, fyrir 30. maí 2022, upplýsa PFS um hvort undanþágur skv. 2. mgr. 2. gr. eigi við og hvaða áhrif þær hafa að útbreiðslu- og uppbyggingarkröfum greinarinnar.

3. gr.

Dagsektir vegna vanefnda

4. gr. tíðniheimildarinnar orðist svo:

Uppfylli tíðnirétthafi ekki útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur a liðar 2. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. a lið 1. gr. viðauka þessa, áskilur PFS sér rétt til að leggja dagsektir á tíðnirétthafa að fjárhæð 100.000,- kr., þar til útbreiðslukröfum er náð, sbr. 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Uppfylli tíðnirétthafi ekki útbreiðslu- og uppbyggingarkvaðir skv. b og c lið 1. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. sömu staflíði 1. gr. viðauka þessa, áskilur PFS sér rétt til að leggja dagsektir á tíðnirétthafa fyrir hvert sveitarfélag sem upp á vantar til að uppfylla útbreiðslu- og uppbyggingarkröfur framangreindra staflíða, að fjárhæð 100.000,- kr. þar til uppbyggingu er náð í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Eins áskilur PFS sér rétt til að leggja dagsektir á tíðnirétthafa fyrir hver heil 0,3% sem upp á vantar til að uppfylla kröfu um útbreiðslu skv. d lið 1. mgr. 2. gr. tíðniheimildarinnar, sbr. d lið 1. gr. viðauka þessa, viðauka þessa, að fjárhæð 100.000,- kr. þar til útbreiðslukröfu er náð, sbr. 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Fjárhæð dagsekta getur lækkað eftir því sem útbreiðsla eykst um hver heil 0,3%, sbr. 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Dagsektir vegna vanefnda á gagnaflutningshraða fer eftir almennu ákvæði 12. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Önnur ákvæði tíðniheimildarinnar skulu standa óbreytt og eiga við um ákvæði viðauka þessa til jafns við ákvæði tíðniheimildarinnar.

Heimilt er að efna skuldbindingar skv. viðauka þessum með samningi um samnýtingu tíðniheimildarinnar og samstarfi við aðra aðila, að fengnu samþykki PFS og Samkeppniseftirlitsins. Slíkt samstarf hefur þó ekki áhrif á skuldbindingar félagsins skv. viðauka þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun, 20. janúar 2016

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir

Fylgiskjal við viðauka II

Yfirlýsing 365 miðla ehf.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN	
Dags, móttöku:	3. mars 2016
Afhent til:	U.K.S.
Bréfalykill:	10.5.6
Málsnúmer:	16-01-29

Póst- og fjarskiptastofnun

Suðurlandsbraut 4

108 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2016

Efni: Yfirlýsing um samþykki breyttra skilmála tíðniheimildar

Hér með er staðfest að 365 miðlar hf. samþykkir breytta skilmála tíðniheimildar A á 800 MHz tíðnisviðinu (791-801/832-842 MHz), sbr. viðauka II við tíðniheimildina, dags. 20. janúar sl., sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 37/2015 varðandi beiðni 365 miðla um breytingu á 2. gr. tíðniheimildarinnar.

Þá er jafnframt staðfestur sá skilningur að önnur ákvæði tíðniheimildarinnar munu standa óbreytt.

Virðingarfyllst,
f.h. 365 miðla hf.,



Sævar Freyr Bráinsson,
forstjóri